

## SKIPULAGSSKRÁ fyrir Minningarsjóð Guðnýjar Stefáns.

### 1. gr.

Nafn stofnunarinnar er Minningarsjóður Guðnýjar Stefáns.  
Heimili og varnarþing sjóðsins er á Siglufirði.  
Stofnunin er sett á laggirnar á grundvelli laga nr. 19/1988 um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá.  
Stofnandi er Heilbrigðisstofnun Fjallabyggðar, kt. 630909-0310.

### 2. gr.

Markmið og hlutverk stofnunarinnar er að ávaxta og ráðstafa fjármunum sem Guðný Stefáns ánafnaði Heilbrigðisstofnun Siglufjarðar með erfðaskrá dagsettri 27. febrúar 2002 í samræmi við vilja hennar. Tilgangur sjóðsins er að styrkja og styðja heilbrigðis- og velferðarmál í Fjallabyggð. Heimilt er að styðja stofnanir, einstaklinga, félagasamtök eða sérstök verkefni í því skyni, allt samkvæmt ákvörðun stjórnar stofnunarinnar hverju sinni. Fjármunum sjóðsins verði aðeins ráðstafað í þágu skjólstæðinga og starfsmanna heilbrigðismála í Fjallabyggð.

### 3. gr.

Stofnfé er í peningum krónur 23.789.709 sem stofnandi greiðir í einu lagi. Óskerðanlegt stofnfé er kr. 1.045.000.

### 4. gr.

Ábyrgð á skuldbindingum ber stofnunin með öllum eignum sínum.  
Stofnandi ber engar fjárhagslegar skuldbindingar vegna sjálfseignarstofnunarinnar umfram stofnfjárframlag og engin sérréttindi í stofnuninni tilheyrja honum.

### 5. gr.

Tekjur stofnunarinnar skulu vera:

- a. Vaxtatekjur.
- b. Frjáls fjárframlög einstaklinga, fyrirtækja, samtaka og stofnana.
- c. Tekjur samkvæmt samstarfssamningi við aðra sem hafa sama markmið, sbr. 9. gr. skipulagsskrárinnar, ef til kemur.
- d. Aðrar tekjur.

### 6. gr.

Stjórn stofnunarinnar skal skipuð þremur mönnum og einum varamanni. Stofnandi tilnefnir stjórnarmenn og einn til vara. Fyrsta stjórn skal kosin á stofnfundi.

Stjórnin skiptir með sér verkum og kýs sér formann, ritara og gjaldkera á fyrsta fundi eftir stjórnarkjör.

Stjórnin skal kosin til fjögurra ára og að þeim liðnum kýs fráfarandi stjórn nýja stjórn til fjögurra ára að fengnum tilnefningum stofnanda og félags starfsmanna Heilbrigðisstofnunarinnar í Fjallabyggð. Skal svo áfram haldið með sama hætti.

### 7. gr.

Verkefni stjórnar er að stýra öllum málefnum stofnunarinnar og koma fram út á við fyrir hönd hennar. Stjórnin skal sjá til þess að skipulag og starfsemi sé jafnan í réttu og góðu horfi og að markmið stofnunarinnar náist. Stjórnin hefur eftirlit með bókhaldi og meðferð fjármuna stofnunarinnar.

Stjórnin skal funda reglulega og halda fundargerðabók um það sem gerist á stjórnarfundum. Formaður stjórnar boðar til stjórnarfunda. Honum er skylt að boða til stjórnarfundar ef einhver stjórnarmanna fer þess á leit.

Stjórnarfundir eru lögmætir ef meirihluti stjórnar sækir fund. Mikilvægar ákvarðanir má þó ekki taka án þess að allir stjórnarmenn hafi fjallað um málið, sé þess nokkur kostur. Afl atkvæða ræður afgreiðslu mála.

Stjórnin skal velja löggiltan endurskoðanda/skoðunarmenn til að endurskoða reikninga stofnunarinnar fyrir hvert starfsár.

Undirskrift meirihluta stjórnarmanna skuldbindur stofnunina.

Stjórnin veitir prókúruumboð.

#### 8. gr.

Starfsár og reikningsár stofnunarinnar er almanaksárið. Á hverju ári skal semja ársreikning og skal stjórn hafa lokið gerð hans eigi síðar en 30. júní ár hvert. Fyrsta reikningstímabil sjóðsins er frá stofnun og til næstu áramóta

#### 9. gr.

Skipulagsskrá þessari verður ekki breytt nema með atkvæði allra stjórnarmanna hennar. Tillögur um breytingar á skipulagsskrá skulu hafa borist stjórn stofnunarinnar eigi síðar en tveimur vikum fyrir fund. Komi til þess að stofnunin verði lögð niður skal hrein eign hennar renna til hliðstæðra verkefna og tilgreind eru í 2. gr. eftir nánari ákvörðun stjórnar. Allar breytingar á skipulagsskrá þessari skulu bornar skriflega undir sýslumanninn á Sauðárkróki.

#### 10. gr.

Leita skal staðfestingar sýslumannsins á Sauðárkróki á skipulagsskrá þessari.

Skipulagsskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá nr. 19/1988.

*F.h. sýslumannsins á Sauðárkróki, 29. nóvember 2013,*

**Björn Ingi Óskarsson.**

*Auður Steingrímsdóttir.*